

Truenorth - Nordic ehf  
b.t. Haralds Rúnars Bjarnasonar  
Fiskislóð 31A  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2024  
UST202404-084/S.V.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku og akstri utan vega - Kleifarvatn**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Haralds Rúnars Bjarnasonar f.h. Truenorth - Nordic ehf, dagsett 5. apríl 2024 til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs í tvo daga á tímabilinu 26. - 30. apríl. Kvikmyndatakan sjálf reyndist ekki vera leyfisskyld en þann 15. apríl 2024 bárust viðbótargögn við umsókn, þar sem óskað er eftir leyfi til aksturs utan vega við norðanvert Kleifarvatn í tengslum við verkefnið.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Kvikmyndatakan fer fram við Kleifarvatn, Seltún og Djúpavatsnsleið og einnig við syðri enda þeirrar leiðar, við Suðurstrandaveg og er ekki gert ráð fyrir akstri utan vega við tölur. Áætlað er að 23 starfsmenn komi að verkefninu með fjóra stærri bíla, aðstöðurútu, fjóra minni bíla, jeppa og sendibíla. Þá er áætlað að leggja tveimur sendibílum og fimm jeppum við norðanvert Kleifarvatn, þar sem akstur utan vega er ekki heimill nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Til skamms tíma metur stofnunin að verkefnið hafi neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins en áhrifin séu afturkræf sé farið eftir skilyrðum. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og verkefnið því líklegt til að hafa áhrif á gesti svæðisins á meðan það fer fram. Stofnunin metur þó að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins á meðan það fer fram á ásýnd svæðis og gesti sé farið eftir skilyrðum leyfisins

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Truenorth-Nordic ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku, og akstri utan vegar innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan til tveggja daga á tímabilinu 26.-30. maí 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka leiðina sem sótt er um.
- Takmarka skal akstur farartækjanna eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarförnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. **62.400**- sbr. 28. gr. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

René Biasone  
**sérfræðingur**